



29. FUNDUR Í BÆJARSTJÓRN BLÖNDUÓSBÆJAR

Dagsetning: 16. janúar 2013, kl. 17:00

Bæjarstjórn Blönduósbæjar kom saman til 29. fundar þriðjudaginn 16. janúar 2013 kl. 17:00 að Hnjúkabyggð 33. Forseti bæjarstjórnar, Ágúst Þór Bragason, setti fundinn og stjórnaði honum. Fundarritari var Auðunn Sigurðsson. Undirritaðir sátu fundinn.

Dagskrá:

1. **Dreifnám**
2. **Fundargerðir:**
 - a. **Bæjarráð frá 20. desember 2012**
3. **Skýrsla bæjarstjóra**

Afgreiðslur:

1. **Dreifnám**

Á fundinn mættu gestir til að kynna og ræða möguleika á dreifnámi í A-Hún. Að hálfu Fjölbrotarskóla N-vestra og dreifnámsbrautarinnar mættu þau Þorkell Þorsteinsson aðstoðarskólameistari og Raket Runólfssdóttir, umsjónarmaður dreifnámsbrautar á Hvammstanga. Frá Skólalþjónustu A-Hún. mætti Guðjón Ólafsson og frá Húnaþingi vestra, til að kynna sína reynslu af verkefninu þar, mættu þau Skúli Þórðarson sveitarstjóri og Eydís Aðalbjörnsdóttir félagsmálastjóri. Auk þessara aðila eru mættir 3 gestir úr Strandabyggð til að fylgjast með umfjöllun og undirbúningi heimaaðila vegna verkefnisins.

Þorkell kynnti hugmyndir FNV varðandi hugsanlega dreifnámsbraut á Blönduósi. Skúli og Eydís fóru yfir aðdraganda að stofnun dreifnámsbrautar í Húnaþingi vestra og hvernig til hefur tekist en dreifnámsbrautin tók til starfa á Hvammstanga í haust. Raket fræddi viðstadda um hennar starf og í hverju það fælist ásamt ýmsu öðru sem tendist dreifnámsbrautinni. Miklar og góðar umræður urðu um möguleika á dreifnámi í A-Hún. og um dreifnámsbrautina á Hvammstanga.

Hér yfirlit gestir fundinn.



2. Fundargerðir:

a. Bæjarráð frá 20. desember 2012

Fundargerðin er í 5 liðum. Fundargerðin kynnt og tekin til umræðu. Nokkrar umræður urðu um fundargerðina. Að því loknu var fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða með 7 atkvæðum.

3. Skýrsla bæjarstjóra

Arnar Þór Sævarsson, bæjarstjóri, hóf mál sitt á að ræða um nokkur mál sem væru í gangi. Unnið er að úrvinnslu mála er varða fjárhagsáætlun 2013 s.s. breyting gjaldskráa, svara styrkbeiðnum frá félagasamtökum, vinna við álagningu fasteignagjalda og fleira.

Arnar Þór sagði frá því að undirritaður verður samningur við Sjóvá um tryggingar sveitarfélagsins þann 22. janúar n.k.

Bæjarstjóri sagði frá því að fyrir Alþingi lægi þingsályktunartillaga um átak stjórnvalda og sveitarfélaga í Austur Húnavatnssýslu til atvinnuuppbyggingar.

Bæjarstjóri ræddi um byggðakvótann og að þörf væri á því fljótlega, að auglýsa úthlutunarreglur að nýju svo útgerðaraðilar geti sótt um byggðakvótann að nýju.

Sagt var frá fituskilju sem komið hefur verið upp í húsakynnum Sölufélagsins. Virkni fituskiljunnar hefur farið fram úr björtustu vonum aðila þar. Hugsanlegt er að framleiða megi biodísel úr fitunni. Ljóst er að fjárfestingarþörf er nokkur til að það megi verða.

Bæjarstjóri sagði frá fundi sínum með Páli Jónssyni, forstjóra Mílu um að ljósnetvæða Blönduós.

Þá kom bæjarstjóri inn á að um áramótin hefðu Brunavarnir A-Hún. fengið afhendan björgunarbúnað frá Holmatro og Vetter.

Fleira kom bæjarstjóri ekki inn á í pistli sínum.

Forseti óskaði eftir því að taka upp liðinn önnur mál og var það samþykkt.

4. Önnur mál

a) Fundargerð Menningar- og fegrunarnefndar frá 15. janúar 2013

Fundargerðin er í tveimur liðum. Fundargerðin kynnt og tekin til umræðu. Að því loknu var fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða með 7 atkvæðum.



b) Átak í atvinnumálum

Lögð er fram eftirfarandi tillaga um átak í atvinnumálum:

“Bæjarstjórn Blönduósarbæjar samþykkir að setja á laggirnar starfshóp í atvinnumálum sem skipaður skal 3 fulltrúum ásamt bæjarstjóra og skal starfshópurinn vinna að framgangi atvinnumál á næstu 6 mánuðum með það að markmiði að efla atvinnu og fjölga atvinnutækifærum á Blönduósi”.

Bæjarráði er farið að ganga frá skipan í starfshópinn.

Tillagan tekin til umræðu. Að því loknu var tillagan borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða með 7 atkvæðum.

Fundargerðin lesin upp og samþykkt. Fundi slitið kl. 19:30.

Ágúst Þór Bragason, forseti (sign.)

Zophonías Ari Lárusson (sign.)

Heiðrún Bjarkadóttir (sign.)

Anna Margret Sigurðardóttir (sign.)

Þórdís Erla Björnsdóttir (sign.)

Þórdís Hauksdóttir (sign.)

Hörður Ríkharðsson (sign.)

Arnar Þór Sævarsson (sign.)

Auðunn Sigurðsson, ritari (sign.)